

Vegagerðin
Borgarbraut 66
310 Borgarnes

Akureyri, 8.11.2023
UST202302-010/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 31.08.2023 – Vegagerðin Ísafirði

Þann 31. ágúst sl. fór fram eftirlit í olúbirgðastöð Vegagerðarinnar á Ísafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili hefur lokið framkvæmdum vegna eldra fráviks frá árinu 2019, skv. samþykktri úrbótaáætlun, er varðar frágang á áfyllingarplani fyrir bíla sem koma að biktanki. **Frávikinu er lokað.** Einnig hefur verið brugðist við frávik frá árinu 2020 er varðar að stærð lekavarnarþróar nær ekki 90% af stærð stærsta geymis skv. ákvæðum starfsleyfis. Stálveggir hafa verið settir umhverfis þróna og er **frávikinu því lokað.**

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ábending er sett fram um að ídræg efni skulu vera til staðar í stöðinni til hreinsunar á smávægilegum leka skv. gr. 2.5 í starfsleyfi. Nokkrar ísogsmottur voru til staðar en þyrftu þær að vera fleiri svo hægt sé að bregðast við ef olíuefni sullast niður.
2. Einnig er sett fram ábending um að öryggisblöð þurfa að vera á aðgengilegum stað svo hægt sé að grípa til þeirra í neyðartilfellum.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Skráningar í rekstrarhandbók eru ekki fullnægjandi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. nóvember 2023.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson